

Lokaskýrsla
vegna AVS verkefnisins:

Áhrif eldis á umhverfi og villta stofna

(S 004-05)



Guðrún Marteinsdóttir, Heiðrún Guðmundsdóttir, Sigurður Guðjónsson, Anna
K. Daníelsdóttir, Þóroddur F. Þóroddsson og Leó A. Guðmundsson

Háskóli Íslands, Umhverfisstofnun, Veiðimálastofnun, Hafrannsóknastofnunin
og Skipulagsstofnun

Apríl 2007

Ágrip – Áhrif eldis á umhverfi og villta stofna

Lokaskýrsla vegna AVS verkefnisins S004-05. Guðrún Marteinsdóttir Háskóla Íslands, Heiðrún Guðmundsdóttir Umhverfisstofnun, Sigurður Guðjónsson Veiðimálastofnun, Anna K. Daníelsdóttir Hafrannsóknastofnuninni, Þóroddur F. Þóroddsson Skipulagsstofnun og Leo Guðmundsson Háskóla Íslands.

Samfara auknu fiskeldi í heiminum hafa áhyggjur manna aukist af hugsanlegum skaðlegum áhrifum erfðablöndunar á villta stofna. Bent hefur verið á að slysasleppingar séu óhjákvæmilegar og að afleiðingar þess geti verið alvarlegar. Margar rannsóknir hafa sýnt fram á að kynæxlun á sér stað á milli eldis- og villtra fiska með þeim afleiðingum að erfðabreytileiki villtu stofnanna skerðist og breytist og að arfgerðir sem eru tilkomnar vegna erfðabreytinga (GMO) og/eða vals í eldi geta blandast saman við villta stofna. Fiskeldi á Íslandi er vaxandi atvinnugrein. Þrátt fyrir það hefur þáttum sem tengjast neikvæðum áhrifum fiskeldis á umhverfi og villta stofna verið lítil gaumur gefinn. Í þessari skýrslu er leitast við að meta stöðu þekkingar hvað varðar eftirfarandi þætti: 1) Stofngerð og aðgreiningu eldis- og villtra fiska; 2) Áhrif erfðablöndunar og samskipti villtra og eldisfiska; 3) Strandsvæðastjórnun, strok fiska og vöktun. Ljóst er að aukin áhersla á eldi nytjastofna krefst aukinnar þekkingar á öllum þáttum sem tengjast samskiptum eldis og villtra stofna. Stofngerð tegunda sem nýttar eru í eldi er oft flókin og samsett úr mörgum stofnum og undirstofnum sem einkennast af langtíma aðlögun einstaklinga að sínu nánasta umhverfi. Stór svæði hafa verið friðuð gegn eldi á laxi í þeim tilgangi að vernda villta laxastofna. Sambærilegar aðgerðir hafa ekki verið framkvæmdar í tengslum við eldi á sjávardýrum. Þorskur hrygnir inn í flestum fjörðum við landið og því er hættu á erfðablöndun, samkeppni um búsvæði og fæðu, sem og beinni mengun vegna eldis á hrygningarsvæðum. Mikilvægt er að kortleggja nákvæmlega náttúruleg hrygningarsvæði eldistegunda og taka mið af staðsetningu þessara svæða við úthlutun strandsvæða til eldis. Þekking á áhrifum erfðablöndunar hjá sjávarfiskum er af skornum skammti. Því er nauðsynlegt að efla rannsóknir á staðbundinni aðlögun stofna sem og mögulegum langtíma áhrifum erfðablöndunar á villta stofna. Strandsvæðastjórnun er nýtt hugtak í íslenskri stjórnsýslu og það hefur ekki verið skilgreint kerfisbundið hvernig haga skuli nýtingu strandsvæða við Ísland með tilliti til fiskeldis og annarrar nýtingar. Strandsvæði eru nýtt af ýmsum aðilum öðrum en fiskeldisfyrirtækjum. Auk þess búa strandsvæðin yfir ómetanlegum hrygningar-, uppeldis- og náttúruverndarsvæðum í sjó. Laga- og reglugerðar-umhverfi vegna fiskeldis er flókið, en að leyfum fyrir fiskeldi koma 5 stofnanir á tveimur stjórnsýslusviðum undir þremur ráðuneytum. Mikilvægt er að samþættun strandsvæða-stjórnunar hefjist sem fyrst og að samfara þeirri vinnu verði útgáfa starfsleyfa til fiskeldis einfölduð og færð undir einn aðila.

Efnisyfirlit

- 1 Inngangur
- 2 Stofngerð og aðgreining villtra og eldisfiska
 - 2.1 Stofngerð þorsks
 - 2.2 Stofngerð lax
 - 2.3 Greining eldisfiska
- 3 Áhrif blöndunar og samskipti villtra og eldisfiska
 - 3.1 Atferli og mökun eldis- og villtra fiska
 - 3.2 Erfðablöndun, innæxlun og hæfni afkvæma
 - 3.3 Útbreiðsla og far eldisfiska (tryggð við hrygningarstöðvar):
 - 3.4 Erfðabreyttir og þrílitna fiskar
- 4 Strandsvæðastjórnun, strok fiska og vöktun
 - 4.1 Strandsvæðastjórnun
 - 4.2 Strok fiska – mótvægisaðgerðir og líkur
 - 4.3 Vöktunaráætlun
- 5 Niðurlag

1. Inngangur

Á sama tíma og stærð fiskstofna fer ört minnkandi þá hefur fiskeldi aukist jafnt og þétt. Þannig hefur framleiðsla eldisfisks tvöfaldast á síðustu 15 árum og í dag stendur eldisfiskur (þar með talinn skelfiskur) undir meira en 43% af fiskneyslu á heimsmælikvarða (COFI/FAO 2006).

Samfara auknu fiskeldi í heiminum hafa áhyggjur manna aukist af hugsanlegum skaðlegum áhrifum erfðablöndunar á villta stofna (Naylor o.fl., 2005). Í dag eru yfir 200 milljónir laxa í eldi og því ljóst að þó aðeins lítið brot af þeim fjölda nái að sleppa þá er það hár fjöldi miðað við stærð villtra stofna (Naylor o.fl., 2005). Bent hefur verið á að slysasleppingar séu óhjákvæmileg og að afleiðingar þess geti verið alvarlegar, en strax í lok síðustu aldar var talið að 25-40% af lax í Norður Atlantshafinu hafi átt uppruna sinn að rekja til eldis (Hansen o.fl., 1993). Ljóst er að margar milljónir eldislaxa sleppa úr kvíum ár hvert. Bara í Noregi er talið að 2-10 milljónir laxa hafi sloppið ár hvert á tímabilinu 2000-2005 og sem dæmi um svæði sem hafa orðið fyrir miklum áhrifum af þessum sökum þá má nefna Eystrasaltið en talið er að 90% af löxum á þessu svæði séu af eldisuppruna sem og 80% af löxum í sumum norskum ám (Jonsson og Fleming, 1993; Saegrov o.fl., 1997; Norwegian Fishery Directory 2005). Á sama hátt þá eru slysasleppingar og strok stigvaxandi vandamál í þorskeldi (Moe of., 2007). Norska fiskveiðieftirlitið hefur áætlað að þorskur sé 10-20 sinnum líklegri til að sleppa en lax (Norwegian Fishery Directory 2005).

Margar rannsóknir hafa sýnt fram á að blöndun á sér stað á milli villtra og eldisfiska með þeim afleiðingum að erfðabreytileiki villtu stofnanna skerðist og breytist og að arfgerðir sem eru tilkomnar vegna vals í eldi geta blandast saman við villta stofna (Verspoor, 2006). Þannig getur dregið úr hæfni og getu villtu stofnanna til að takast á við breytilegar umhverfisaðstæður.

Fiskeldi á Íslandi er vaxandi atvinnugrein. Þrátt fyrir það hefur þáttum sem tengjast neikvæðum áhrifum fiskeldis á umhverfi og villta stofna verið lítil gaumur gefinn. Í þessari skýrslu er leitast við að meta stöðu þekkingar hvað varðar eftirfarandi þætti:

1. Stofngerð og aðgreining villtra og eldisfiska
2. Áhrif blöndunar og samskipti villta og eldisfiska
3. Strandsvæðastjórnun, strok fiska og vöktun

2. Stofngerð og aðgreining villtra og eldisfiska

2.1 Stofngerð þorsks.


Rannsóknir á stofngerð þorskfiska beggja megin Atlantshafsins hafa sýnt að margir stofnar eða undirstofnar finnast á tiltölulega afmörkuðum svæðum (Ruzzante o.fl., 1998; Nielsen o.fl., 2003). Þannig hafa rannsóknir er byggja á lögun og útliti kvarna (Campana og Casselman, 1993; Begg og Brown, 2000; Cardinale o.fl. 2004; Jónsdóttir o.fl., 2006a), efnasamsetningu kvarna (Campana o.fl., 1995; Begg og Wideman, 2001; Jónsdóttir o.fl., 2006b) og erfðafræði (Ruzzante o.fl., 1996, 1998; Jónsdóttir o.fl., 1999, 2001; Hutchinson o.fl., 2001; Knutsen o.fl., 2003; Nielsen o.fl., 2003; Sarvas og Fevoldin, 2005a,b; Pampoulie o.fl., 2006) sýnt fram á að þorsk- og ýsustofnar við Kanada, Ísland, Norðursjó, Eystrasalti og út af ströndum Noregs greinast í marga stofna og/eða undirstofna.

Stofngerð þorsks við Ísland var fyrst könnuð af Jamieson og Jónsson (1971). Þeir könnuðu erfðabreytileika í transferríni og blóðrauða þorsks við suður og vesturströndina. Niðurstöður þeirra bentu til mikils erfðabreytileika bæði í tíma (blóðrauða erfðamark) og rúmi (tvö erfðamörk). Misvægi (Hardy-Weinberg prófanir) fannst á milli sumra sýnatökustaða, sem benti til þess að mismunandi stofneiningar þorsks væri að finna við Íslandsstrendur. Hinsvegar, könnuðu Árnason o.fl. (1992) erfðabreytileika þorsks við Ísland með skerðibúta rannsókn á hvatbera DNA, og bentu gögn þeirra ekki til þess að um mun á milli stofneininga væri að ræða.

Þó svo að þorskur við Ísland hafi almennt verið talinn tilheyra einum stofni þá er ýmislegt sem hefur bent til þess að þorskar eigi uppruna sinn að rekja til margra hrygningarsvæða allt í kringum landið. Bjarni Sæmundsson var trúlega fyrstur til að fjalla um hrygningu þorsks utan megin hrygningarsvæðanna og benda á mismun í útliti á milli þorska frá mismunandi hafsvæðum (Bjarni Sæmundsson, 1924). Rannsóknir Eyjólfis Friðgeirssonar á 7-8. ártug síðustu aldar sýndu einnig að hrygning átti sér stað allt í kringum landið (Friðgeirsson, 1982). Rannsóknir á hrygningu og klaki þorsks hin síðustu ár hafa enn fremur sýnt fram á að framlag megin hrygningarsvæðanna er breytilegt á milli svæða og ára og að seiði sem hafa verið veidd að hausti ár hvert eiga uppruna sinn að rekja til mismunandi hrygningarsvæðum við Suður, Vestur og Norðurströndina (Marteinsdóttir o.fl., 2000a, 2000b). Í þessum rannsóknum var uppruni seiða ákvarðaður út frá bakreiknuðum klak- og hrygningardögum sem byggðu á aldursgreiningu seiða metin með talningu dægurbauga í kvörnum (Marteinsdóttir o.fl., 2000; Begg og Marteinsdóttir, 2000).

Þó svo að þorskur við Ísland gangi til hrygningar á mörgum stöðum við landið og skiptist þannig í aðskilda hópa sem hrygna á mismunandi tíma þá hefur fram til þessi ekki verið ljóst hvort þessir hópar eru erfðafræðilega aðskildar hrygningareiningar. Rannsóknir á erfðasamsetningu þorsks við Suðurland sem byggðu á sýnum af hrygnandi þorsk sem voru tekin við Þjórsárósa og í Háfadjúpi (staðsett í landgrunnskantinum v/Dyrhólaey) sýndu marktækan mun á milli hrygningarárþópa sem gengu til hrygningar á þessum svæðum á árunum 1995-1996 (Jónsdóttir o.fl., 1999, 2001). Vandamálið við þessar rannsóknir fólst þó í því að arfgerðargreining þorsksins byggði á erfðamarkinu *Pan-I* en talið er líklegt að þetta erfðamark sé undir vali (Fevolden og Pogson, 1997; Karlsson og Mork, 2003) sem gæti tengst dýpi og/eða hitastigi og á sér líklega stað snemma á lífsferlinum. Bent hefur verið á að *Pan-I* erfðamarkið geti því verið óhentugt til að meta erfðafræðilega einangrun á milli stofna eða undirstofna en gæti hinsvegar gefið athyglisverðar upplýsingar um uppruna einstaklinga með tilliti til lífssögueiginleika.


Í framhaldi af ofangreindum rannsóknum hófst ítarlegri rannsókn á arfgerð þorsks í tengslum við Evrópusambandsverkefnið CODTRACE og METACOD sem og RANNÍS verkefnið “Stofngerð þorsks” á árunum 1999-2005. Þessar rannsóknir byggðu á DNA-greiningu bæði út frá *Pan-I* erfðamarkinu og míkrosatellíta erfðamörkum en míkrosatellíta erfðamörk eru almennt talin vera hlutlaus, þ.e. ekki undir náttúrulegu vali og því hentug til stofngerðarrannsókna.



2.1. mynd. Staðsetning hrygningarsvæða þar sem sýnum af hrygnandi þorsk var safnað til stofngreininga árin 2002 (▲) og 2003 (■) (Pampoulie o.fl., 2006).

Auk erfðafræðirannsókna var einnig notast við aðferðir sem byggðu á flokkun þorsks út frá lögum og efnasamsetningu kvarna. Sýnum var safnað frá alls 12 hrygningarsvæðum árið


2002 og 17 hrygningarsvæðum árið 2003, allt í kringum landið (mynd 2.1). Einnig var unnið úr merkingatilraunum á hrygningarfiskum sem hafa verið stundaðar síðan 1991. Niðurstöður kvarna- og erfðagreininga bar vel saman og í ljós kom að þorskar sem hrygndu á Norðurlandi voru marktækt frábrugðnir þeim sem hrygndu við Suðurland (Mynd 2.2; Jónsdóttir o.fl., 2006; 2006b; Pampoulie o.fl., 2006). Einnig var marktækur munur á milli þorska sem hrygndu á mismunandi dýpi við Suðurland (Pétursdóttir o.fl., 2006; Jónsdóttir o.fl., 2006a; 2006b; Pampoulie o.fl., 2006). Merkingar sýndu ennfremur að þorskar sem hrygndu við Suðurland leituðu aftur á sömu svæði eða nærliggjandi svæði við suður- og suðausturströndina til að hrygna á næstu 1-2 árum eftir merkingu (Vilhjálmur Þorsteinsson, óbirt gögn; Pampoulie o.fl., 2006). Þorskar sem hrygndu við Austurland leituðu einnig aftur á sömu svæði en líka inn á hrygningarsvæði á norðausturlandi. Þorskar sem hrygndu við Norðurland leituðu einnig mest inn á svæðin við Norðurland en þó einnig í nokkrum mæli inn á svæði við Vesturland.



2.2 mynd. Sundurgreining („multidimensional scaling“) hrygningareininga þorsks samkvæmt greiningu á míkrosatellíta erfðamörkum. Hrygningareiningar við Suðurland eru einkenndar sem 812-933; Norðurland 411-511; Vesturland 211-311 og Austurland 612-621 (Pampoulie o.fl., 2006). Athugið að grynnstu stöðvarnar við Suðurland (811 og 911) greindust illa frá Norðurlandi.

2.2 Stofngerð lax.


Stofngerð lax hefur verið rannsökuð ítarlega á norðurhveli jarðar og hafa rannsóknir sýnt að lax skiptist almennt í marga stofna þannig að í flestum tilfellum má segja að hver á hafi sérstakan stofn sem greinist jafnvel í undirstofna innan árkerfa (Ståhl, 1987; Garant o.fl., 2000). Stofnerfðarannsóknir á laxi á Íslandi eru fáar og hefur aðeins ein umfangsmikil rannsókn kannað stofngerð laxastofna. Þessi rannsókn var framkvæmd á árunum 1990-1994 og byggði hún á ensím (allozyme) erfðamörkum í laxi úr 32 ám og þremur eldisstofnum sem aldir voru hér við land, einn af íslenskum uppruna og tveir af norskum uppruna (Mynd 2.3; Daníelsdóttir o.fl., 1997). alls 49 genaset úr 19 ensímkerfum voru skimuð. Kannaður var fjöldi breytilegra genaseta, tíðni genasamsæta, arfblandni genaseta og hvort þau væru í Hardy-Weinberg jafnvægi, erfðabreytileiki (H_T), erfðamunur milli stofna og erfðafjarlægð.



2.3. mynd. Erfðafjarlægð (Nei, 1978) þrjátíu og tveggja íslenskra laxastofna og þriggja eldisstofna, Kollafjarðar eldisstofninn er af íslenskum uppruna en Isnó og Íslandslax eru eldisstofnar af norskum uppruna (Daníelsdóttir o.fl., 1997).

Flest sýni voru í Hardy-Weinberg jafnvægi og marktækur munur var á tíðni genasamsæta í flestum samanburðum á milli sýnahópa (508 af 630 samanburðum), en það er vísbending um að hver á hafi sérstakan stofn. Í árkerfum Elliðaáa (Elliðaár, Hólmsá og Suðurá), Hvítár (Grímsá, Tunguá, Kjarrá, Litla Þverá og Norðurá), Víðidalsár (Víðidalsá og Fitjá) og Blöndu

(Blanda, Haugakvísl og Svartá) fundust fleiri en einn stofn. Frávik frá Hardy-Weinberg jafnvægi fannst í nokkrum ám, þar á meðal í Elliðaám, Fitjá og Svartá, og telja höfundarnir að það geti verið vegna seiðasleppinga, náttúrulegs vals, æxlun hafi ekki verið tilviljanakennd og/eða að sýni hafi ekki endurspeglad stofngerð árinna. Erfðamunur (Wright's F_{ST}) meðal villtra stofna var 0,062 en 6,2% af erfðabreytileikanum ($H_T=0,048$) mátti skýra með muni á milli stofna. Annan erfðabreytileika mátti skýra sem breytileika innan stofna. Mestur ensím genaseta erfðabreytileiki var innan sýnahópa en hlutfallið fór eftir hversu stórt svæði var kannað og getur það torvelað samanburð milli rannsókna. Ef litið er til erlendra rannsókna þá fann Ståhl (1987) 59% breytileika innan sýna en rannsóknin náði yfir mestan hluta útbreiðslusvæðis laxastofna í Norður Atlantshafi og í sömu rannsókn var 3,6% vegna breytileika innan árkerfa. Í annari rannsókn sem náði til laxastofna á Skotlandi var 96% breytileikans innan áa, 1,2% breytileikans vegna mismunandi árganga innan kvísla og 0,7% milli kvísla innan áa og 1,6% milli áa (Verspoor o.fl., 2005).



Mynd 2.4 Erfðafjarlægð (Nei, 1978) laxastofna milli landssvæða (Daníelsdóttir o.fl., 1997).

Meðalerfðafjarlægð (Nei, 1978) var 0,0017 og var erfðafjarlægðin á bilinu 0,000-0,006. Nokkur tengsl voru á milli landfræðilegrar fjarlægðar og erfðafjarlægðar þar sem erfðafjarlægð var meiri milli stofna af mismunandi svæðum heldur en innan svæða. Hins vegar var erfðafjarlægð milli laxastofna úr Borgarfirði og laxastofna af Suðvesturlandi meiri en milli stofna úr Borgarfirði og af Norðurlandi þó að fjarlægð milli svæðanna sé minni (mynd 2.4). Höfundarnir (Daníelsdóttir o.fl., 1997) benda á að það geti verið vísbending um aðlögun stofna þar sem umhverfisskilyrði eru ólík milli svæðanna. Rannsóknin sýndi einnig að minni

erfðafjarlægð var á milli villtu stofnanna og íslenska eldisstofnsins en norsku stofnanna (mynd 2.4).

Athygli vekur að í rannsókninni fannst *MDH-3*(90)* genasamsætið aðeins í Hólmsá og Leirvogsá en það fannst líka í norsku eldisstofnunum Isnó og Íslandslaxi og fannst það í lágri tíðni í öllum stofnunum. Ekki er vitað hvers vegna genasamsætið fannst aðeins í þessum tveimur ám og af hverju það fannst ekki í t.d. öðrum ám Elliðaár vatnakerfisins, Elliðaám og Suðurá. Skýringar á þessu geta verið ýmsar, hugsanlega endurspeglar sýnastærð ekki raunverulega útbreiðslu genasamsætisins og það sé að finna víðar. Ekki er útilokað að stökkbreyting gæti hafa framkallað genasamsætið í öðrum eða báðum stofnunum og borist í hina með genaflæði. Þá gæti einnig verið að þessi gen hefðu komið með annarri landnámsbylgju lax en lax á Bretlandseyjum er talinn kominn úr tveimur landnámsum lax og er ýmist með eða án fyrrnefndra gena (McVeigh o.fl., 1991). Nánast er útilokað að þessi gen komi úr eldisstofninum þar sem sá lax var eingöngu á þessum tíma notaður í landeldi en ekki í kvíaelði og hefur aldrei verið notaður í hafbeit. Ef litið er á erlendar rannsóknir sést að *MDH-3*(90)* (*MDH-3,4*(75/80)*) er víðast í lágri tíðni eða ekki til staðar, en það hefur blettótta dreifingu hjá evrópskum stofnum (Verspoor o.fl., 2005).

2.3 Greining eldisfiska

Mikilvægt að geta greint eldisfiska frá villtum fiskum þannig að hægt sé að meta hvort stök hafa átt sér stað og hvort ungvíði eða fullorðnir eldisfiskar blandast saman við villta stofna hvort sem er á hrygningar eða fæðusvæðum. Margar aðferðir hafa verið notaðar til að rekja uppruna fiska en flestar af þessum aðferðum hafa verið þróaðar til að greina á milli fiskstofna í villtri náttúru.

Erfðafræðilegar aðferðir

Ef eldisfiskur tilheyrir eldisstofni sem hefur verið kynbættur þá er líklegt að erfðafræðileg samsetning slíks stofns sé frábrugðin því sem finnst á meðal villtra stofna innan sömu tegundar. Á sama hátt þá er hugsanlega hægt að merkja alla eldisfiska með erfðafræðilegum aðferðum, þ.e. með því að velja fyrir ákveðnum erfðamörkum sem eru sjaldgæf hjá villtum fiskum (sjá nánar hér að neðan).

Margar erfðafræðiaðferðir hafa verið þróaðar til að greina á milli villtra og eldisfiska. Ensím genaset hafa reynst gagnleg til að greina eldisfiska frá villtum fiskum (Verspoor o.fl., 2005) en ekki reynst eins vel til að meta hvort blöndun erfðaefnis hefur átt sér stað. Til þessa hafa kjarna-DNA aðferðir eins og t.d. míkrosattelíta erfðamörk samhliða notkunar á öflugum

tölfræðiforritum reynst vel til að greina í sundur einstaklinga í blönduðum stofnum og hefur þeim fleygt fram á undanförunum árum (Pella og Masuda, 2001; Bravington og Ward 2004; Hauser o.fl., 2006; Renshaw o.fl., 2006). Notkun þessara aðferða hefur reynst vel til að greina í sundur eldis- og vilt laxa (Koljonen o.fl., 2006). Hvað varðar þorsk, þá er þróun aðferða sem byggja á kortlagningu hvatbera erfðamengisins sem og miklum fjölda kjarna-DNA erfðamarka vel á veg komin og má því búast við að hægt verði að greina á milli villtra og eldisfiska sem og hvort blöndun hafi átt sér stað á komandi árum (Johannsen og Bakke, 1996; O'Leary o.fl., 2006).


Erfðamerking eldisfiska hefur verið stunduð um langan tíma í Noregi, eða síðan á níunda áratugnum. Í framhaldi af ráðstefnu á vegum ICES árið 1991 (Jørstad, 1991) var unnið að því að þróa eldisþorskstofn sem var einkenndur með vali fyrir ákveðinni genasamsætu (*GPI-1*30* sem er mjög sjaldgæf hjá villtum fiskum) þannig að unnt yrði að rannsaka samspil eldis- og villtra þorska í framtíðinni (Skaala o.fl., 1990; Jørstad o.fl., 1991). Fjölmargar tilraunir voru gerðar með þennan eldisstofn (Jørstad, 2004; Jørstad o.fl., 2004) og athuganir á erfðasamsetningu þorska 10 árum eftir sleppingu sýndu að töluverð erfðablöndun hafði átt sér stað (Jørstad, 2004; Jørstad o.fl., 2004). Aðrar tilraunir sem einnig notfærðu sér þennan sérmerkt eldisstofn sýndu enn fremur að þorskar hrygna í eldiskvíum og að egg og lirlfur berast frá kvíunum og blandast saman við ungvíði villtra fiska (Jørstad o.fl., 2004; Jørstad o.fl., 2006).

Merkingar (beinar og óbeinar)

Ein öruggasta aðferðin til að greina eldisfiska frá villtum fiskum er að merkja alla fiska sem eru hafðir í eldi. Á Íslandi er þeim sem hafa rekstrarleyfi fyrir eldi í sjókvíum gert skylt að örmerkja 10% eldislaxa til að hægt sé að rekja fisk úr slysasleppingum í ákveðna kví eða kvíarþyrpingu. Í Noregi hefur verið lagt til að allir eldislaxar verði merktir með utanálíggjandi merki (coated wire tags, CWT) og/eða með afklippingu veiðiuggans. Þessi aðgerð hefur þó ekki komist í framkvæmd, m.a. vegna þess hversu kostnaðarsöm hún er.

Meginvandamálin við fjöldamerkingar felast í miklum kostnaði og einnig tæknilegum vandamálum í tengslum við stærð merkja og nauðsyn þess að merkja fiskana þegar þeir eru smáir. Aðferðir sem hafa verið þróaðar til þessa fela í sér merkingu kvarna með hitastigsbreytingum á ungstigi eða merkingu með efnum eins og strondíum, alazarine red eða tetracycline, sem eru tekin upp í brjósk og beinvefi og koma þannig fram sem litaðir hringir í kvörnum eða beinvef (sjá t.d. Pollard o.fl., 1998). Merking kvarna með hitastigssveiflum byggja á því að hitastig hefur áhrif á vöxt fiska sem endurspeglast í vexti

kvarnanna. Þannig er unnt að mynda mismunandi mynstur í vaxtarbaugum kvarnanna með því að láta fiskungviðið verða fyrir mismunandi sveiflum í hitastigi (mynd 2.5; Volk o.fl., 2005). Þessar aðferð eru mikið notaða til að einkenna lax við strendur Kyrrahafsins (Volk o.fl., 2005).



2.5. mynd. Vaxtarmynstur í laxakvörn framkallað með hitastigsveiflum á seiðastigi (sjá nánar á: <http://npafc.taglab.org/>)

Ný aðferð sem hefur verið þróuð til að merkja smáa fiska felst í því að sprauta „fluorescent“ efni í efri lög roðsins þannig að þau verða vel sýnileg í útfjólubláu ljósi (sjá nánar á: [http://www.nmt.us/products/vie/ten to one/10 vie.htm](http://www.nmt.us/products/vie/ten%20to%20one/10%20vie.htm); Doupe o.fl., 2003). Þessi aðferð hefur verið reynd af Veiðimálastofnun á laxaseiðum hér á landi, en merkingin endist stutt og vandasamt að merkja seiðin.

Þess fyrir utan getur meðhöndlun fiska í eldi, svo sem bólusetningar og fæða, valdið því að hægt er að greina eldisfiska frá villtum fiskum. Bólusetningar valda oft þykkun kviðarholshimnunnar og samvexti á líffærum (ICES 2006). Auk þessa getur fæða sem er t.d. rík af carotenoid litarefnum eða fitusýrum gefið kost á að greina eldisfiskanna út frá efnasamsetningu holdsins (sjá t.d. Grahl-Nielsen, 2005).

Útlit og lögun:

Oft má þekkja eldisfiska á afbrigðilegri lögun og trosnun ugga (Fiske o.fl., 2005). Notkun aðferða sem byggja á mælingu útlistatriða til að greina eldisfiska frá villtum fiskum hafa gefið misgóðar niðurstöður. Almennt má segja að auðvelt sé að greina fullorðna fiska sem hafa nýlega sloppið úr eldiskvíum frá villtum fiskum en mun erfiðara að aðgreina á milli ungra fiska (t.d. smolts; Lund og Hansen, 1991; Lacroix o.fl., 2004; Gildberg, 2004).

Kvarnir og hreistur:

Nýta má vaxtarmynstur í kvörnum og hreistri til að greina eldisfiska frá og villtum fiskum (Hansen o.fl., 1997). Þannig kemur t.d. far laxa úr ferskvatni yfir í sjó greinilega fram í hreistri

hjá villtum löxum en ekki hjá eldislax (Lund og Hansen, 1991). Hreistur hjá eldislöxum sýnir oft óreglulegt vaxtarmynstur og falskan vetrarhring. Þessi aðferð hefur reynst vel til að greina fullorðna laxfiska en er hinsvegar ónothæf til að greina yngri laxa, áður en smolt á sér stað. Auk þessa má greina eldisfiska út frá efnasamsetningu kvarna. Slík greining byggir á því að sum af þeim „trace“ efnum sem setjast að í kvörnum fiska eru háð hitastigi, seltu og efnasamsetningu sjávar (Campana, 1999; Campana o.fl., 2000). Þannig má segja að kvarnirnar innihaldi upplýsingar um það umhverfi sem fiskurinn hefur verið í. Efnagreining á heilum kvörnum úr t.d. kynþroska fiskum hafa gefið nákvæmar upplýsingar um feril fisksins úr einu umhverfi í annað (Campana, 1999).

3. Áhrif blöndunar og samskipti villtra og eldisfiska

Blöndun og flutningur erfðaefnis frá eldisstofnum inn í villta stofna getur átt sér stað með mismunandi hætti. Þannig geta slysasleppingar leitt til þess að kynþroska eldisfiskar blandast saman við villta fiska á hrygningarstöðvum með þeim afleiðingum að mökun á sér stað. Einnig geta slysasleppingar leitt til þess að ungvíði sleppur og ef það lifir af í villtri náttúru þá eru líkur á að þessir fiskar leiti aftur til baka á hrygningarstöðvarnar þegar þeir ná kynþroska og hrygni þá með villtum fiskum. Að lokum þá getur hrygning átt sér stað í sjókvíum með þeim afleiðingum að hrogn frá eldisfiskum dreifast út í villta náttúru, klekjast út og vaxa upp í kynþroska einstaklinga sem makast síðar við villta fiska.

3.1 Atferli og mökun villtra og eldisfiska

Niðurstöður úr mörgum rannsóknum hafa sýnt að mökun getur á sér stað á milli villtra laxa og þeirra sem hafa sloppið úr eldi (Verspoor, o.fl. 2006). Þannig hefur verið sýnt fram á að laxar sem hafa sloppið úr eldi ganga upp í ár til að hrygna (Jonsson o.fl., 1990; Jonsson, 1997). Göngurnar eiga sér þó stað heldur seinna á vertíðinni og yfirleit er dvöl þeirra í ánni styttri samanborið við villta laxa (Guðjónsson, 1991; Jonsson o.fl., 1990; Ökland o.fl., 1995). Ennfremur hefur komið í ljós að eldislaxar rata ekki alltaf á hrygningarsvæði í ánni og stundum ganga þeir aftur til sjávar án þess að hafa hrygnt. Þrátt fyrir þetta er almennt talið að fjöldi eldislaxa sem gengur í ár til að hrygna fari stigvaxandi á svæðum þar sem eldi er fyrir (svo sem Noregi) og í sumum ám þá virðast eldislaxar hafa tekið yfir alla hrygningu, samanber ána Vosso á vesturströnd Noregs en þar er talið að öll afkvæmi sem klöktust í ánni vorið 1996 hafi átt uppruna sinn að rekja til laxa sem hafa sloppið úr eldi (Sægvov ofl. 1997).

Hrygningaratferli hjá lax byggir á svokölluðu “polygamous” kerfi; þ.e. æxlunaratferli þar sem hrygnurnar helga sér óðal og verja þau fyrir öðrum hrygnum. Hængarnir berjast síðan um hrygnurnar og sá sem öflugastur er heldur sig næst hrygnunni við hrygningu og síðan eru hængar sem næstir eru í röðinni í meiri fjarlægð og svo koll af kolli (Jones, 1959; Järvi, 1990; Flemming o.fl., 1996, Ökland o.fl., 1995). Rannsóknir á samskiptum villtra- og eldislaxa hafa m.a. beinst að því að meta hæfni eldishænga til að helga sér óðal og laða að sér hrygnur. Flestar rannsóknir hafa sýnt að eldishængar eru ekki eins duglegir að ná sér í maka og þola ver samkeppni en þeir villtu (Jonsson o.fl., 1990; Flemming o.fl., 1996; Weir o.fl., 2004; Jonsson og Jonsson, 2006). Eldishrygnur eiga, aftur á móti auðveldara með að ná sér í villta maka en sýna þess í stað minni getu til að standa rétt að hrygningunni (þ.e. hrygna færri hrognum og/eða fara af riðastöð áður en frjóvgun á sér stað; Berejikian og Tezak, 2001; Jonsson og Jonsson, 2006). Annað fyrirbæri sem einkennir æxlun laxa er

kynþroski á seiðastigi. Þessir kynþroska hængar eru smáir miðað við fullvaxta laxa sem hafa dvalið hluta af ævinni í sjó og geta þeirra til að frjóvga hrogn byggir á hæfni þeirra til að lauma sér að hreiðrunum og sprauta svilum yfir eggjum um leið og hrygning hins fullvaxta pars á sér stað. Rannsóknir hafa sýnt að slíkir hængar, þó svo að þeir séu af eldisuppruna, hafa oft töluverða getu til að frjóvga hrogn frá villtum hrygnum (Weir o.fl., 2005) og í sumum tilfellum þá hafa þeir komið betur út í samanburði við villta hænga (Garant o.fl., 2003).

Mun minna er vitað um samskipti eldis- og villtra þorska. Eldisþorskar hafa veiðst á hrygningarsvæðum í Noregi (Svåsand o.fl., 1990, Wroblewski o.fl., 1996) og telja má líklegt að sama staða komi upp hér þar sem staðsetningar eldiskvía allt í kringum landið eru og verða í námunda við hrygningarsvæði þorsksins. Vert er þó að hafa í huga að þrátt fyrir að eldis- og villtir þorskar dreifist á sömu hrygningarsvæði þá er ekki víst að mökun takist. Þannig hefur verið sýnt fram á að makaval er ekki tilviljunarkennt hjá þorski (Rowe og Hutchings, 2003) heldur er það flókið samspil atferlis bæði á milli kynja og á milli einstaklinga af sama kyni. Athuganir á hrygningu þorsks í eldiskerjum benda til þess að hrygnur velji sér maka, hugsanlega út frá atferli og hljóðum sem hængarnir gefa frá sér þegar þeir eru komnir í hrygningarástand (Brawn, 1961; Hutchings o.fl., 1999; Rowe o.fl., 2004). Mjög lítið er vitað um hrygningaratferli þorsks við náttúrulegar aðstæður. Rannsóknir sem samanstanda af athugunum bæði í kerjum og í náttúrunni benda til þess að hængarnir komi fyrr á hrygningarsvæðin og haldi sig í hópum á meðan hrygnurnar eru meira á útjaðri hópanna (Morgan og Tripple, 1996; Nordeide, 1998; Hutchings o.fl., 1999). Ennfremur er talið að þegar hrygnurnar er tilbúnar til að hrygna (2-6. hvern dag; Kjesbu, 1989) þá syndi þær inn í hængahrúguna en snúi síðan aftur til baka að hrygningu lokinni. Lítið er vitað um hæfni eldisfisks hvað varðar makaval og æxlun við villta fiska. Telja má þó líklegt að fiskur sem hefur verið lengi í eldi hafi ekki sömu möguleika á að finna sér maka og villtir fiskar.

3.2 Erfðablöndun, innæxlun og hæfni afkvæma:

Erfðarannsóknir á laxfiskum hafa sýnt fram á að slyssleppingar og vísitandi sleppingar á eldisfiski vegna fiskræktar hafa haft áhrif á erfðasamsetningu villtra stofna (t.d. Hindar o.fl., 1991; Berrebi o.fl., 2000; Hansen, 2002; Young o.fl., 2004) og að erfðablöndun geti haft neikvæð áhrif á hæfni villtra stofna (McGinnity o.fl., 2003). Með tilkomu breytilegra erfðamarka, eins og míkrosatellíta genaseta, og öflugra tölfræðiforrita (t.d. Pritchard o.fl., 2000; Chikhi o.fl., 2001) hefur verið hægt með talsverði nákvæmni, að rannsaka erfðablöndun fiskistofna. Skilningur á langtíma áhrifum erfðablöndunar er þó af skornum skammti og lítið er vitað um áhrif þess á sjávarfiska.

3.2.1. Erfðafræðileg áhrif eldis

Kynbætur (artificial selection) eru val manna á lífverum til undaneldis og er algengast að ákveðnar svipgerðir eða eiginleikar séu valdir, þ.e. að val sé stefnubundið (Hartl og Clark, 1997). Til að kynbótastarf á eldisfiski sé árangursríkt eru stofnar yfirleitt aldir í margar kynslóðir á afmörkuðum svæðum (Gjøen og Bentsen, 1997). Með vali á klakfiski má auka tíðni ákveðinna genasamsæta og arfgerða sem liggja að baki eftirsóknarverðum eiginleikum eins og t.d. meiri vaxtarhraða, betri mótstöðu gegn sjúkdómum o.s.frv. Kynbætur leiða óhjákvæmilega til breytinga á erfðasamsetningu stofna en það gerist einnig þó að eldisstofnar séu ekki kynbættir, þ.e. vegna bústofnavals (domesticated selection). Bústofnaval getur gerst með hendingu (genetic drift) en áhrif þess leiðir til minnkunar erfðabreytileika vegna tilviljanakenndra breytinga sem verða milli kynslóða á tíðni genasamsæta. Hending er háð náttúrulegri stofnstærð (N_e) og eru áhrifin sterkari eftir því sem stofnar eru minni og skyldleikaæxlun (æxlun skyldra) meiri (Crow og Kimura, 1970). Bústofnaval er vítt hugtak sem í raun nær til margra ferla. Í því sambandi má nefna að umhverfi eldisfiska einkennist af minni samkeppni um fæðu, engu afráni og fiskar eru meðhöndlaðir við sjúkdómum. Það slaknar því á náttúrulegu vali í eldisumhverfinu sem leiðir til þess að svipgerðir komast af sem annars myndu verða undir í náttúrunni. Einnig gæti ófyrirséð stefnubundið val átt sér stað en dæmi um slíkt væri t.d. að einstaklingur með minni fælmi yrði frekar valinn til undaneldis þar sem auðveldara væri að fanga hann og ef minni fælmi er arfbundin eiginleiki gæti hann náð útbreiðslu í stofninum. Hjá laxi hafa fundist nokkur dæmi um áhrif bústofnavals þar á meðal minni fælmi gagnvart afræningum (Berejikian, 1995; Johnson o.fl., 1996; Alvarez og Nicieza 2003), breytingar á svipgerð (Fleming og Einum, 1997) og aukin árasargirni (Einum og Fleming, 1997; Sundström o.fl., 2004).

Framleiðendur eldisfisks nota yfirleitt fáa klakfiska til undaneldis eða færri miðað við flesta villta stofna og leiðir það til þess að eldisstofnar tapa erfðabreytileika (t.d. *Exadactylos* o.fl., 1999; Garcia-Marin o.fl., 1999; Hansen o.fl., 2001; Säisä o.fl., 2003; Evans o.fl., 2004). Möguleiki lífvera til að aðlagast og þróast er háð erfðabreytileika en stofnar sem hafa lítinn erfðabreytileika hafa ekki eins mikinn möguleika til þess að bregðast við breyttum valkröftum, þ.e. geta síður aðlagast breyttu umhverfi s.s. vegna breytinga á seltu eða hitastigi, nýjum sníkjudýrum, sjúkdómum o.s.frv. Hæfni (lífslíkur og nýliðun) stofna tengist augljóslega framansögðu en hún er líka háð erfðabyrði sem er minnkun á hæfni vegna uppsöfnunar skaðlegra stökkbreytinga. Almennt er talið að stórir útæxlandi (æxlun óskyldra) stofnar hafi talsvert af dauðlegum og skaðlegum stökkbreytingum í arfblöndu ástandi (Lynch o.fl., 1999). Stökkbreytingarnar hafa lítil eða engin áhrif á hæfni svo lengi sem þær eru í arfblöndnu en ekki í arfhreinu ástandi. Skaðlegar stökkbreytingar geta því safnast fyrir í

stórum útæxlandi stofnum þar sem lítið val er gegn þeim, en þær geta síður safnast fyrir í litlum stofnum þar sem er sterkara val. Því má ætla að neikvæð áhrif á hæfni eldisfisks séu meiri komi hann úr sögulega stórum stofni, þ.e. stofni sem lengi hefur verið stór, þar sem stökkbreytingar geta verið margar og þar með meiri líkur á að þær nái útbreiðslu með hendingu og komi því oft fram í arfhreinu skaðlegu ástandi. Þetta fyrirbæri hefur fundist hjá plöntum þar sem sjálfsfrjóvgun einstaklinga úr stórum stofni leiddi til meiri minnkunar á hæfni afkvæma en við sjálfsfrjóvgun einstaklinga úr litlum stofni (Paland og Schmid, 2003). Hjá regnbogasilungi (*Oncorhynchus mykiss*) í eldi hafa skaðleg áhrif skyldleikaæxlunar fundist eins og t.d. minni lífslíkur eggja og kviðpokaaseiða, minni vöxt og frjósemi en stofnar regnbogasilungs eru sögulega litlir (Kincaid, 1983). Jafnvel þó að neikvæð áhrif skyldleikaæxlunar komi fram óháð sögulegri stærð stofna er talið að áhrif hennar séu meiri hjá lífverum sem koma úr stórum stofnum vegna þess að sterkara val er gegn skaðlegum stökkbreytingum í minni stofnum.

3.2.2. Líkön er lýsa áhrifum erfðablöndunar

Mörg hermilíkön hafa verið þróuð til að kanna erfðafræðileg áhrif blöndunar eldisfisks við villta stofna. Flest benda þau til þess að genaflæði úr eldisstofnum hafi neikvæð áhrif á hæfni villtra stofna. Í rannsókn Lynch og O'Hely (2001) var hannað líkan sem gerði ráð fyrir því að eldisstofn ætti uppruna sinn í villtum stofni sem hann síðar blandaðist og einnig að valkraftar væru ekki hinir sömu í stofnunum. Með líkaninu var reynt að meta áhrif ýmissa breyta á hæfni villts stofns eftir erfðablöndun eins og magn genaflæðis, hlutfallslega stærð stofna og hversu erfðafræðilega frábrugðnir stofnarnir voru. Gert var ráð fyrir að neikvæð áhrif á hæfni vegna skaðlegra genasamsæta (stökkbreytingar) væru mælanleg og einnig að náttúruleg stofnstærð eldisstofns væri nægjanlega mikil til að útbreiðsla skaðlegrar stökkbreytingar yrði ekki það mikil að breytileiki tiltekins gensins myndi hverfa. Niðurstöðurnar voru þær að erfðablöndun getur haft talsvert neikvæð áhrif á villta stofna eftir endurtekna blöndun í aðeins nokkrar kynslóðir þar sem í eldisstofnum getur verið slakt val eða jákvætt val fyrir genasamsætum sem skaða aðlögun villtra stofna. Fjöldi kynslóða í eldi og magn erfðablöndunar voru þættir sem réðu hversu neikvæð áhrifin á hæfni voru. Höfundarnir benda á að neikvæð áhrif geta verið umtalsverð þó að eldisstofn sé mjög stór og hafi talsverðan erfðabreytileika þar sem stórir eldisstofnar geta haft mikið af genasamsætum sem hugsanlega hafa jákvæð áhrif í eldisumhverfi en ekki við náttúrulegar aðstæður.

Með öðru líkani sem byggði á ofangreindri rannsókn var sýnt fram á það að ef náttúruleg stofnstærð villts stofns væri um 100 einstaklingar en meiri en 30 hjá eldisstofni þá myndi

árlegt innstreymi 5 eldisfiska í villta stofninn á 20 ára tímabili aðeins hafa lítil áhrif á erfðabyrði og hæfni villta stofnsins. Jafnframt var sýnt fram á að neikvæð áhrif á hæfni villta stofnsins minnki ef genaflæði væri í báðar áttir, þ.e. ef haldið væri áfram að bæta eldisstofn með fiski úr villtum stofni (Theodorou og Covet, 2004), en það er líklega ekki fýsilegur kostur út frá sjónarhóli framleiðenda þar sem það hægir á kynbótum. Forsendur líkansins gera m.a. ráð fyrir að hlutfall innstreymis sé lágt ($<1/20$) en það gæti reynst hæpið við náttúrulegar aðstæður eins og t.d. þegar eldiskví rifnar og margir einstaklingar sleppa og ber að hafa það í huga þegar niðurstöður líkansins eru túlkaðar.

Áhrif endurtekinna erfðablöndunar á náttúrulega stofnstærð villtra stofna var könnuð með líkani Wang and Ryman (2001). Líkanið var byggt á eldra líkani (Ryman og Laikre, 1991) en það hafði sýnt fram á það að náttúruleg stofnstærð villts stofns gæti minnkað við einstaka erfðablöndun þrátt fyrir að heildarstofnstærð (N) ykist og stafaði það af lágri náttúrulegri stofnstærð hjá eldisfiski. Wang og Ryman líktu eftir stöðugu innstreymi eldisfisks í villtan stofn sem var undir burðargetu umhverfisins, þ.e. að vist villta stofnsins var ekki að fullu nýtt. Könnuð voru áhrif erfðablöndunar við þrjá mismunandi eldisstofna, 1) hreinan eldisstofn sem var alls óskyldur villtum fiski, 2) „villtan“ eldisstofn, þ.e. afkvæmi villts klakfisks voru alin í eldisumhverfi og 3) eldisstofn þar sem í var bætt villtum fiski. Niðurstöðurnar voru að náttúruleg stofnstærð villta stofnsins minnkaði fyrst við erfðablöndun en hún gat síðan aukist eftir stöðugt innstreymi eldisfisks í nokkrar kynslóðir. Náttúruleg stofnstærð villta stofnsins jókst aðeins ef hann blandaðist eldisstofni með fiski af fyrstu kynslóð í eldi eða eldisstofni sem hafði verið bættur með villtum fiski. Við stöðugt innstreymi eldisfisks í margar kynslóðir jókst heildarstofnstærð en það hafði jákvæð áhrif á náttúrulega stofnstærð og áhrif hendingar minnkuðu miðað við villtan stofn sem ekki hafði blandast. Hafa verður í huga að líkanið gerir ráð fyrir því að villtur stofn sé undir burðargetu umhverfisins en höfundarnir benda á að áhrifin af því að bæta eldisfiski í villtan stofn séu venjulega slæm ef hann er við burðargetu umhverfisins og jafnframt er ekki gert ráð fyrir áhrifum bústofnavals á eldisstofnana. Möguleiki líkansins til að spá fyrir um raunveruleg dæmi eru því takmörkuð.

3.2.3 Staðfest dæmi um áhrif erfðablöndunar

Margar rannsóknir á laxi sýna fram á að eldislax hefur minni burði en villtur lax til að lifa við náttúrulegar aðstæður. Þó að laxfiskar af eldisuppruna virðast geta aðlagast breyttum fæðuskilyrðum þegar þeir sleppa úr eldi (Jacobsen og Hansen, 2001) þá sýna rannsóknir á urriða (*Salmo trutta*) að fáir eldisfiskar af uppruna sjögöngufisks verða kynþroska (Ruzzante o.fl., 2004) og í flestum tilfellum eru hlutfallslega fáir sem ná að hrygna en uppruni fisksins skiptir einnig máli í því sambandi (t.d. Hansen o.fl., 2001; Hansen, 2002). Nýleg rannsókn á

laxi sýnir fram á bein tengsl milli þess hversu mikið eldislax blandast villtum laxi og neikvæð áhrif á hæfni villts lax (McGinnity o.fl., 2003). Rannsóknin var framkvæmd með yfirgripsmikilli æxlunartilraun þar sem frammistaða eftirfarandi hópa var borin saman við náttúrulegar aðstæður: afkvæmi villts lax, afkvæmi eldislax, fyrstu og annarar kynslóðar blendinga villts lax og eldislax og afkvæmi blendinga sem var æxlað með villtum laxi og eldislaxi. Áhrif vegna mismunandi æxlunarferlis voru fjarlægð í tilrauninni en rannsóknir sýna að það er oft mismunandi milli eldislax og villts lax og æxlunarárangur eldislax er minni þegar reynt er að líkja eftir náttúrulegum aðstæðum (Fleming o.fl., 1996, 2000; McLean o.fl., 2004). Lífslíkur hópanna voru metnar m.t.t. hrogna, seiða og hversu margir kynþroska fiskar snéru aftur í ána til að hrygna. Niðurstöðurnar voru m.a. þær að afkvæmi eldislaxa höfðu aðeins 2% lífslíkur miðað við afkvæmi villtra laxa, blendingar höfðu miðlungs lífslíkur en öfugt samband var milli lífslíka og erfðafræðilegs hlutdeildar eldisfisks. Augljóst var að neikvæð áhrif útæxlunar voru talsverð á fyrstu þroskunarstigum blendinga af annarri kynslóð. En við æxlun einstaklinga úr ólíkum stofnum geta hagstæð genakerfi brotnað upp, þ.e. að genakerfi sem myndast við staðbundna aðlögun stofna, og getur það minnkað hæfni einstaklinga eins og tilraunin sýndi fram á. Ennfremur kom í ljós að afkvæmi eldislaxa voru stærri og stóðu sig betur á sumum lífsstigum þó að heildarlífslíkur laxa af eldisuppruna væru lægri. Þar sem seiði eldislaxa voru stærri stóðu þau sig betur í samkeppni um fæðu og tóku yfir uppeldissvæði árinna. Sýnir þetta að þó að eldisfiskar séu venjulega ekki vel til þess fallnir að lifa við náttúrulegar aðstæður geta þeir samt sem áður haft neikvæð áhrif á hæfni villtra stofna með samkeppni á vissum lífsstigum og ef erfðablöndun á sér stað geta hagstæð genakerfi brotnað upp með útæxlun.

3.2.4. Erfðablöndun á meðal sjávarfiska

Hugsanlega er mikilvægur munur á rannsóknum á erfðablöndun þorskfiska og laxfiska þar sem eldisstofnar laxa eru oft myndaðir úr stofnum af fjarlægum uppruna og eru mjög frábrugðnir erfðafræðilega (Largiader og Scholl, 1996). Mikill erfðamunur milli laxastofna leiðir til aukinnar hættu á að genakerfi sem hafa byggst upp með aðlögun brotni upp við erfðablöndun. Mikill erfðamunur milli stofna gerir það jafnframt auðveldara að greina hvort erfðablöndun hefur átt sér stað þar sem fjarskyldir stofnar hafa að öllum líkindum nokkuð af ólíkum og einkennandi genasamsætum. Minni möguleiki er á því að greina erfðablöndun sjávarfiska þar sem erfðamunur er venjulega talsvert minni vegna meira genaflæðis milli stofna. Minni erfðamunur milli villtra stofna sjávarfiska og eldisstofna þarf samt sem áður ekki að þýða að erfðablöndun geti ekki haft neikvæð áhrif á villta stofna. Þó að aðlögun t.d. þorsks hefur lítið verið rannsökuð þá eru mismunandi svipgerðir og lífssögur milli stofna (t.d. Begg o.fl., 1999; McIntyre og Hutchings, 2003; Cardinale o.fl., 2004) sterk vísbending um

aðlögun stofna. Jafnframt að þó að lítill erfðamunur greinist á milli stofna sjávarfiska með erfðamörkum sem eru hlutlaus fyrir vali, eins og t.d. míkrósatellíta genaset, þá getur samt fundist talsverður munur milli stofna ef könnuð eru erfðamörk sem eru undir vali (Lemaire o.fl., 2000; Canino o.fl., 2005). Lítill erfðafræðilegur munur, sem greinist milli stofna með hlutlausum erfðamörkum, getur því eftir sem áður haft mikla líffræðilega þýðingu. Til þess að hægt sé að spá fyrir um hugsanleg áhrif erfðablöndunar hjá sjávarfiskum þarf augljóslega að rannsaka staðbundna aðlögun stofna mun meira og afla meiri vitneskju um erfðafræðilega byggingu þeirra. Í ljósi umfangsmikils laxeldis í heiminum og þess að stórfellt eldi sjávarfiska er fyrirsjáanlegt í náinni framtíð verður að efla rannsóknir á mögulegum langtíma áhrifum erfðablöndunar á villta stofna. Þar sem staða þekkingar á þessu sviði er takmörkuð og þá sérstaklega hjá sjávarfiskum er skynsamlegt að horfa til rannsókna á laxfiskum og byggja á þekkingunni sem þær hafa aflað.

3.3 Útbreiðsla og far eldisfisks (tryggð við hrygningarstöðvar)

